

og dómsáleggingar. Hinir stefndu Björn Simonarson og Kristján B. Guðmundsson greiði áfryjanda Sveini Jónssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn hinn 12. nóvembermán.

Nr. 32/1906:

Kristján Þorgrímsson
gegn
Péttri Fjeldsted.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af málara Péttri Fjeldsted gegn Kristjáni Þorgrímssyni út af skuld að upphæð 16 kr. 50 a., er hann taldi sig eiga hjá Kristjáni Þorgrímssyni. Var málið dæmt í bæjarþinginu 31. maí þ. á. með þeim úrslitum, að Kristján Þorgrímsson skyldi greiða Péttri Fjeldsted hina umstefndu upphæð 16 kr. 50 a. með 5⁰/₁₀₀ vöxtum frá 9. jan. þ. á. til þess greitt yrði svo og málskostnað með 10 kr.

Þessum dómi hefir Kristján Þorgrímsson áfryjað til landsyfirdómsins með stefnu 21. júní þ. á. og þar krafist, að þær 16 kr. 50 a., sem hann var dæmdur í við undirréttinn, verði færðar niður um 4 kr. 70 a. og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir mati yfirdómsins; en til vara hefir hann

krafist, að óvilhallir menn verði látnir meta til peninga-
verðs verk það, sem stefndi Pétur Fjeldsted hefir unnið
fyrir hann og mál þetta er risið út af. Hins vegar
hefir stefndi krafist, að undirréttarins dómur verði stað-
festur og honum dæmdur ríflegur málskostnaður fyrir
yfirdómi hjá áfryjanda, og hefir stefndi getið þess, að
málið hafi kostað hann tæpar 50 kr.

Málsatvik eru þau, að stefndi síðustu mánuði af
fyrra ári málaði nokkur herbergi fyrir áfryjanda í húsi
hans, en áður hafði hann málað fyrir áfryjanda 1 her-
bergi, og fyrir þá vinnu á þessu eina herbergi greiddi
áfryjandi honum orðalaust borgun. Fyrir vinnu sína
við að mála nefnd 3 herbergi gjörði hann áfryjanda
reikning að upphæð 36 kr. 50 a., en það eru vinnu-
laun stefnda í 70 tíma á 45 a. og fyrir vinnu annars
manns 5 kr., sem stefndi greiddi honum. Upp í þessa
upphæð hafði áfryjandi greitt stefnda 20 kr. áður en
verkinu var lokið; en af reikningsupphæðinni eru
ógreiddar 16 kr. 50 a., og út af þeim er mál þetta
risið.

Áfryjandi hefir vefengt það, að stefndi hafi unnið
fleiri stundir en 67, því að 27. nóv. f. á. hafi hann
alls ekkert unnið að málu, og vill hann því láta draga
1 kr. 35 a. frá reikningsupphæðinni, og í annan stað
hefir hann neitað að borga meira en 40 a. fyrir klukku-
stundina. En stefndi hefir haldið því fram, að hann
hafi nefndan dag unnið í 3 stundir. Það er sannað í
málinu, að stefndi hafði lykil bæði að útidyrnum og
herbergjum í húsi áfryjanda, og áfryjandi hefir ekki
sannað og ekki einu sinni gjört sennilegt, að honum
hafi verið kunnugt um, hvort stefndi vann að málu

hjá honum 27. nóv. f. á. eða ekki, og verður því sú mótbára hans gegn reikningi stefnda ekki tekin til greina. Að því er kemur til borgunarinnar fyrir klukkustundina, þá hefir stefndi haldið því fram, að hann fyrir að mála það herbergi, sem hann málaði fyrst, hafi gjört áfrýjanda reikning fyrir 45 a. um klukkustundina, sem áfrýjandi hafi orðalaust greitt, en við það hefir áfrýjandi ekki viljað kannast; en þar sem skorað hefir verið á áfrýjanda að leggja fram þann reikning, en hann skorast undan, verður það, sem stefndi í þessu tilliti hefir haldið fram, ekki vefengt, og verður þá líka að líta svo á að borgun sú fyrir klukkustundina, sem stefndi hefir sett upp fyrir verk sitt við að mála 3 stofur áfrýjanda, sé hæfileg, og það því fremur, sem það er sannað með vitnisburði 2 málara, að þeir hafi greitt stefnda 45 a. fyrir klukkustundina, þegar hann vann að málun fyrir þá.

Samkvæmt framansögðu ber, með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins, að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem þykir hæfilega metinn 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Kristján Þorgrímsson greiði stefnda Pétri Fjeldsted málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.